

# REGLUGERÐ

## um fiskeldi.

*Efni reglugerðarinnar.*

1. Gildissvið og skilgreiningar.
2. Afmörkun eldissvæða.
3. Rekstrarleyfi.
4. Kröfur um búnað fiskeldisstöðva, merkingar og viðhald.
5. Starfræksla fiskeldisstöðva.
6. Flutningur.
7. Gæðastjórnun og innra eftirlit fiskeldisstöðva.
8. Opinbert eftirlit með fiskeldisstöðvum.
9. Rannsóknir.
10. Gjaldtaka.
11. Innflutningur á notuðum eldisbúnaði.
12. Viðurlög.
13. Gildistaka.

VIÐAUKI 1 - Slysasleppingar.

VIÐAUKI 2 - Sjókvíaeldisstöð.

VIÐAUKI 3 - Eftirlit með netpoka.

VIÐAUKI 4 - Eftirlitsveiðar fyrir laxfiska.

VIÐAUKI 5 - Verklagsreglur.

VIÐAUKI 6 - Þjálfun starfsmanna í sjókvíaeldisstöðvum.

VIÐAUKI 7 - Sannprófun.

VIÐAUKI 8 - Leiðbeiningar um merkingar.

### 1. Gildissvið og skilgreiningar.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi nær til eldis vatnafiska og nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Ákvæði reglugerðarinnar gilda fyrir rekstur allra fiskeldisstöðva með eldi og um ræktun lagarlífvera. Reglugerðin nær ekki yfir geymslu á villtum lagardýrum sem eru án fóðrunar, m.a. kræklingarækt.

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerðinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

*Aeldi:* Skipulegt eldi allt frá klaki til slátrunar.

*Áframeldi:* Eldi á fönguðum villtum fiski til slátrunar.

*Eldisafurðir:* Eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.

*Eldisdýr:* Lifandi lagardýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.

*Eldiseining:* Kví, eldisker og jarðtjörn eða þyrping samfastra eða mjög nálægra eininga. Nær einnig til sjóinntaks og frárennslis strandeldisstöðva.

*Eldisfiskur:* Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður eða afurðir unnar úr þeim. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þangað til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem náð hafa sölustærð, hafa verið teknir úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.

*Eldisker:* Ker með rennandi sjó, ferskvatni eða ísöltu vatni þar sem í eru aldar lagarlífverur.

*Erfðabreyttar lífverur:* Allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun.

*Eldisstöfn:* Hópur fiska alinn í eldisstöð undan fiski sem alið hefur allan sinn aldur í fiskeldisstöð.

*Eldissvæði:* Svæði þar sem fiskeldi er leyft og sem er afmarkað með sérstökum hnitum.

*Ferskvatnsfiskur:* Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

*Fiskeldi:* Fiskeldi er geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska, annarra vatnadýra og nytjastofna sjávar, klak- og seiðaeldi hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.

*Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki eru nýtt í þágu fiskeldis.

*Föngun:* veiði fisks sem settur er í áframeldi.

*Geymsla:* Tímabundin geymsla á villtum lagardýrum án fóðrunar á landi eða í sjó.

*Heilmöskvi:* Innanmál möskva að viðbættum einum hnút (eða tveimur hálfum).

*Heilsárseldi:* Hefðbundið eldi í sjókvíum frá göngustærð upp í markaðsstærð.

*Hjarðeldi:* Reglubundin fóðrun villtra fiskihjarða á ákveðnum stöðum.

*Hvildartími:* Tími þar sem ekkert eldi má fara fram í eldiseiningu.

*Innra eftirlit:* Eigið eftirlit rekstrarleyfishafa framkvæmt af starfsmönnum hans eða aðkeyptum þjónustuaðila, sem hefur til þess tilskilin réttindi, í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í rekstrarleyfi og reglugerðum séu uppfylltar.

*Jarðtjörn:* Tjarnir sem eru grafnar niður og eru með gegnumstreymi út í ferskt vatn, sjó eða salt vatn.

*Klakfiskur:* Fiskur nýttur til undaneldis.

*Krabbadýr:* Hér er m.a. átt við humar og krabba.

*Kví:* Netpoki sem hangir í fljótandi grind eða er festur á grind sem komið er fyrir undir eða við yfirborð lagar.

*Kvíaeldi:* Fiskeldi í netkvíum (netbúrum) í fersku vatni eða söltu.

*Kvíapyrping:* Pyrping samfastra eða nálæggra kvía.

*Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðbúinn kynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali úr hverri kynslóð.

*Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni, s.s. fiskar, lindýr, krabbadýr og skrápdýr.

*Lagarlífverur:* Allar lífverur í ferskvatni og sjó, s.s. lagardýr, gróður og örverur.

*Landeldi:* Eldi á fiski í eldiskerum eða jarðtjörnum á landi. Eldið fer fram í fersku vatni, ísöltu eða sjó.

*Lindýr:* Hér er m.a. átt við snigla, smokkfisk og samlokur, s.s. krækling og hörpudisk.

*Matfiskeldi:* Eldi á fiski frá seiðastigi til slátrunar.

*Ræktun:* Sérhver starfsemi sem hefur það markmið að auka eða viðhalda nýliðun, auka lífvænleika og vöxt einna eða fleiri lagarlífvera, auka heildarframleiðslu eða auka ákveðnar veiðar fram yfir það sem næst við sjálfbæra nýtingu í náttúrulegum vistkerfum. Það getur falið í sér sleppingu, búsvæðagerð, útrýmingu óæskilegra lífvera, áburðargjöf eða sambland af þessum aðgerðum.

*Seiðaeldi:* Klak og eldi á fyrstu stigum lífsferils.

*Sérhæft nám í fiskeldisfræði:* Nám sem hafið er eftir framhaldsskólapróf eða eftir að nemendur hafa aflað sér sambærilegrar þekkingar og reynslu úr atvinnulífinu. Þar sé kennd umhirða og eldi fiska allt frá hrognastigi og þar til eldisafurðinni er komið á markað. Hluti námsins felist í verknámi á eldisstöð.

*Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.

*Sjókvíaeldi:* Eldi fisks sem fram fer í kvíum í sjó eða ísöltu vatni.

*Sjókvíaeldisstöð:* Starfsstöð rekin sem ein heild. Getur verið hefðbundin sjókví, sökkvanleg kví eða fljótandi lokuð sjókví með sjódælingu.

*Skiptiöldi:* Eldi á fiski í strandeldi upp í nokkur hundruð gramma stærð og framhaldseldi í sjókvíum upp í markaðsstærð.

*Skrápdýr:* Hér er m.a. átt við ígulker og sæbjúgu.

*Strandeldi:* Eldi fisks í eldiskerum eða jarðtjörnum á landi. Sjó eða ísöltu vatni er dælt í eldis-eininguna.

*Vinnslustöð:* Hver sú aðstaða þar sem eldisafurðir eru verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar.

## 2. Afmörkun eldisvæða.

### 3. gr.

#### *Fjarlægðarmörk.*

Lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva samkvæmt meginviðmiði skal vera 5 km miðað við útmörk hvers eldisvæðis sem rekstrarleyfishafa hefur verið úthlutað. Fiskistofa getur að höfðu samráði við Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun að fenginni umsögn sveitarstjórnar heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva.

Þegar eldi og slátrun hverrar kynslóðar lýkur skulu eldisvæði hvíld í a.m.k. 90 daga.

Dýralæknir fisksjúkdóma getur gert kröfu um aukna og/eða samræmda hvíld stöðva eða svæða hjá samliggjandi eldisstöðvum og ákveðið að stærri svæði verði hvíld í lengri tíma ef ástæða þykir til. Einnig skal tekið tillit til vistfræðilegs álags, s.s. uppsöfnunar næringarefna á sjávarbotni. Dýralæknir fisksjúkdóma tekur ákvörðun um útsetningu seiða. Mánaðarlega skal senda upplýsingar um heildarlífmassa í fiskeldisstöð til Fiskistofu og dýralæknis fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun.

Framangreind ákvæði um fjarlægðarmörk gilda með fyrirvara um ákvæði reglugerðar nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt.

### 4. gr.

#### *Eldistegundir.*

Eldistegundir þeirra eldisstöðva, sem afrennsli hafa í veiðivötn, takmarkast við þær tegundir sem fyrirfinnast á vatnasvæðinu og leita skal heimildar Fiskistofu um flutning annarra tegunda inn á svæðið.

## 3. Rekstrarleyfi.

### 5. gr.

#### *Rekstrarleyfi.*

Til að starfrækja fiskeldisstöð þarf rekstrarleyfi sem Fiskistofa veitir.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal Fiskistofa afla umsagnar Landhelgisgæslu Íslands, Matvælastofnunar og Siglingastofnunar Íslands. Einnig skal stofnunin leita umsagnar Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar, eftir því sem við á, um hvort hætta sé á að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir hafi neikvæð vistfræði- eða erfðafræðiáhrif sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Þá er Fiskistofu heimilt að óska umsagnar Umhverfisstofnunar ef ástæða er talin til. Liggja skal fyrir ákvörðun um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar áður en umsókn um rekstrarleyfi er lögð fram. Sé um endurnýjun á rekstrarleyfi að ræða telst ekki nauðsynlegt að afla slíkra umsagna, enda sé ekki um verulegar breytingar að ræða á eðli og umfangi reksturs skv. 7. gr. laga nr. 71/2008, þ.m.t. áform um aukna framleiðslu eða nýjar eldistegundir.

### 6. gr.

#### *Umsókn um rekstrarleyfi.*

Umsókn um rekstrarleyfi til fiskeldis skal vera skrifleg. Þar skulu m.a. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitala umsækjanda, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer.
2. Fram þarf að koma hvort um sé að ræða umsókn um nýtt rekstrarleyfi, endurnýjun leyfis eða breytingu á gildandi leyfi.
3. Upplýsingar um eignaraðild að fiskeldisstöð.
4. Upplýsingar um fagþekkingu umsækjanda rekstrarleyfis á viðkomandi sviði.
5. Heildarstærð stöðvar í rúmmetrum, staðsetning og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga. Einnig skulu liggja fyrir upplýsingar um

- hnitstaðsetningar á útlínum fiskeldisstöðvar. Hnit skulu vera lengd og breidd til útsetningar á sjókorti með nákvæmni upp á a.m.k. einn hundraðasta hluta úr mínútu. Viðmiðun skal vera WGS84.
6. Eldistegundir þar sem fram kemur yfir hvaða hluta af eldisferlinu fyrirhuguð starfsemi nær.
  7. Áætlað árlegt framleiðslumagn af hverri eldistegund og áætlaður mánaðarlegur lífmassi eldisfisks.
  8. Eldisaðferðir, þ.e. hvort um sé að ræða eldi, ræktun eða aðrar aðferðir.
  9. Upplýsingar um það hvort fyrirhuguð framkvæmd sé matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.
  10. Starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
  11. Umsókn skal fylgja skilríki um heimild til afnota lands, vatns og sjávar. Umsókn skal einnig fylgja leyfi til mannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða fyrirhugaðan atvinnurekstur.
  12. Umsókn skulu fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar og rekstraráætlun.
  13. Fylgja þarf með í umsókn hvernig standa á að merkingu fljótandi búnaðar í sjó (sjá viðauka).
  14. Umsókn skulu einnig fylgja upplýsingar um stofn kynbættar og/eða erfðabreyttar lagarlífveru, sbr. lög nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.
  15. Önnur gögn sem nauðsynleg eru til að Fiskistofa geti metið hvort skilyrði til útgáfu rekstrarleyfis séu fyrir hendi.

## 7. gr.

*Málsmeðferð umsóknar.*

Við meðferð umsóknar um rekstrarleyfi til fiskeldis skal Fiskistofa leggja mat á sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðvar.

Veiti fyrirbyggjandi gögn ekki nægilegar upplýsingar til þess að mat verði lagt á þá þætti sem um getur í 1. mgr. getur Fiskistofa lagt fyrir umsækjanda að láta í té frekari upplýsingar áður en rekstrarleyfi er veitt.

Rannsóknir umsækjanda skv. 2. mgr. geta m.a. falist í merkingum á fiski, samantekt á veðurfars- og haffræðilegum upplýsingum og uppsöfnun næringarefna á sjávarbotni.

Við meðferð umsóknar skal kannað hvort staðsetning fljótandi mannvirkja á sjó trufla siglingar eða valdi siglingahættu.

## 8. gr.

*Efni og útgáfa rekstrarleyfis.*

Telji Fiskistofa að umsókn um rekstrarleyfi fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar skal stofnunin gefa út rekstrarleyfi til tíu ára í senn. Ef vistfræðileg rök mæla með því, m.a. ef óvissa ríkir um áhrif eldis á umhverfið, er heimilt að gefa út rekstrarleyfi til skemmri tíma, með skilyrðum um nauðsynlegar rannsóknir.

Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um stærð fiskeldisstöðvar og hvort um sé að ræða seiðaeldi, strandeldi, skiptiöldi, heilsárseldi eða annað ræktunar- eða eldisform. Þá skal í rekstrarleyfi kveðið á um leyfilegar tegundir í eldi, leyfilega eldisstofna, leyfilegt framleiðslumagn og skyldu rekstrarleyfishafa til að annast vöktun og rannsóknir á nánasta umhverfi sínu. Jafnframt skulu í rekstrarleyfi vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings og ákvæði um aðgerðaáætlun til að endurheimta fisk sem sleppur.

Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fiskistofa getur við útgáfu rekstrarleyfis krafist þess að rekstrarleyfishafi setji tryggingu fyrir kostnaði við hreinsun á búnaði af eldissvæði komi til þess að starfsemi verði hætt.

## 9. gr.

*Forsendubrestur.*

Ef fiskeldisstöð hefur ekki innan 24 mánaða frá útgáfu rekstrarleyfis hafíð starfsemi í samræmi við rekstraráætlun, sem fylgdi umsókn sbr. ákvæði 8. gr., er Fiskistofu heimilt að fella rekstrarleyfi úr gildi. Sama gildir ef starfsemi fiskeldisstöðvar stöðvast í 24 mánuði.

Áður en gripið er til þess að afturkalla leyfi skal Fiskistofa ávallt veita rekstrarleyfishafa skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta.

## 10. gr.

*Afturköllun og skil á rekstrarleyfi.*

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar. Einnig er heimilt að afturkalla leyfi ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða skilyrðum þess er að öðru leyti ekki fullnægt. Þá er og heimilt að afturkalla rekstrarleyfi ef leyfishafi verður ófær um að stunda rekstur og þegar eldisfiskur sleppur ítrekað frá fiskeldisstöð.

Þegar rekstri er hætt og rekstrarleyfi skilað til Fiskistofu skal rekstrarleyfishafi hreinsa svæði fiskeldisstöðvarinnar og þar með allan búnað á og undir sjávaryfirborði. Hreinsun skal lokið innan 6 mánaða frá því að rekstri var hætt.

## 11. gr.

*Framsal.*

Framsal, leiga og veðsetning á rekstrarleyfi til fiskeldis án skriflegs samþykkis Fiskistofu er óheimil. Áður en Fiskistofa tekur ákvörðun samkvæmt 1. másl. skal stofnunin óska eftir umsögn sveitarstjórnar. Slíku samþykki skal þinglýst í samræmi við ákvæði þinglýsingalaga.

**4. Kröfur um búnað fiskeldisstöðva, merkingar og viðhald.**

## 12. gr.

*Búnaður sjókvíaeldisstöðva.*

Allur búnaður svo og efni og fyrirkomulag í eldisstöðinni skal vera hannað, smíðað, sett saman, vaktað og haldið við á þann hátt að komið sé í veg fyrir slysasleppingar.

Bátar, sem notaðir eru við daglegan rekstur sjókvíaeldisstöðva, skulu vera útbúnir með hlíf eða leiðara fyrir skrófu til að koma í veg fyrir að skrófublöð rífi gat á netpoka.

## 13. gr.

*Merkingar á fljótandi mannvirkjum í sjó.*

Fljótandi mannvirki í sjó skal merkja á eftirfarandi hátt þannig að það sé vel sjáanlegt sjófarendum:

- a) Gult merki og gult endurskinsmerki við jaðar fiskeldisstöðvar.
- b) Gult ljós við jaðar fiskeldisstöðvar eða með lýsingu frá fiskeldisstöðinni.
- c) Radarspegill við jaðar fiskeldisstöðvar.
- d) Eldisstöðvar skulu skila til Siglingastofnunar Íslands og Landhelgisgæslu Íslands upplýsingum er varða hnitsetningar ankera og tóga fiskeldisstöðva.

Flot, sem notuð eru til merkinga, skulu vera gul á litinn.

Óbein lýsing eða önnur lýsing við eða á fiskeldisstöð má ekki blinda sjófarendur.

Með jaðri fiskeldisstöðvar er átt við stað þar sem tóg frá ankerum eru fest eða sem á einhvern annan hátt markar jaðar stöðvarinnar.

Óviðkomandi er óheimilt að stunda veiðar eða sigla nær merktri fiskeldisstöð en 200 m.

Tæknilegar leiðbeiningar gefnar út af Siglingastofnun um merkingu fljótandi mannvirkja er að finna í viðauka 8.

Þegar nákvæm staðsetning á fljótandi mannvirki liggur fyrir skal rekstrarleyfishafi tilkynna hnit til Siglingastofnunar Íslands og Landhelgisgæslu Íslands. Jafnframt skal rekstrarleyfishafi tilkynna þeim þegar fljótandi mannvirki er fært til innan eldissvæðis sem fyrirtækið hefur fengið úthlutað.

14. gr.

*Sóttþreinsun búnaðar.*

Tæki, sem notuð eru til flutnings á lifandi eldisfiskum, skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að þrifa þau og sóttþreinsa. Ávallt skal þrifa þau að flutningi loknum. Sóttþreinsa skal tækin ef hefja á flutning frá nýjum aðila.

**5. Starfræksla fiskeldisstöðva.**

15. gr.

*Eldisfiskur.*

Eingöngu er heimilt að hafa í fiskeldisstöð eldisfisk sem tilgreindur er í rekstrarleyfi.

Óheimilt er að vera með villtan fisk og eldisfisk í sömu fiskeldisstöð án heimildar fisk-sjúkdómanefndar.

Í sjókvíaeldisstöðvum og öðrum fljótandi eldiseiningum í sjó er þó heimilt að hafa villtan fisk sömu tegundar í afmarkaðri kvíaþyrpingu.

16. gr.

*Bólusetning og lyfjagjöf.*

Notkun bóluefna og sýklalyfja í fiskeldi er óheimil nema með samþykki Matvælastofnunar. Óheimilt er að meðhöndla eldisdýr með sýklalyfjum nema að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis eða viðurkenndrar rannsóknastofu.

Varúðar skal gætt við notkun lyfja og annarra efna í fiskeldisstöð til að koma í veg fyrir að efnin berist út í umhverfið.

17. gr.

*Umhirða fiska.*

Huga skal að velferð eldisfiska á öllu eldistímabilinu.

Sjálfdauður og sýktur fiskur skal fjarlægður og honum eytt svo fljótt sem verða má samkvæmt nánari ákvörðun dýralæknis fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun. Gripið skal til þeirra ráðstafana sem ástæða þykir til svo að koma megi í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Dýralækni fisksjúkdóma er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði hvað sýktan fisk varðar.

Þegar því verður við komið skal fjarlægja daglega dauð lagardýr úr eldiseiningu og skrá fjölda og þyngd fiska. Upplýsingar um afföll skulu vera aðgengilegar eftirlitsmönnum Fiskistofu í fiskeldisstöð.

18. gr.

*Slysasleppingar.*

Rekstrarleyfishafi, sem missir fisk úr fiskeldisstöð, skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á vef Fiskistofu.

Rekstrarleyfishafa er skylt að grípa til allra þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegar eru og í hans valdi standa, til þess að varna því að slíkur atburður sem greinir í 1. málsl. valdi vistfræðilegu tjóni.

Leyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna slysasleppingar (viðauki 1) sé staðsett á eldissvæðinu og kynna starfsmönnum hana. Viðbragðsáætlun vegna slysasleppingar skal innihalda leiðbeiningar um:

- a. hvernig hindra skal áframhaldandi slysasleppingar,
- b. hvernig tilkynna skal um slysasleppingu,
- c. hvernig endurheimta skal fisk sem sleppur.

Fiskistofa getur veitt undanþágu frá banni á veiðum á villtum lagardýrum eða seiðum sem sleppa úr fiskeldisstöð.

19. gr.

*Slátrun á eldisfiski.*

Slátrun heyrir undir Matvælastofnun og um hana gilda reglur er fram koma í lögum nr. 55/1998 með síðari breytingum, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða. Eftirlit með heilbrigði og

heilmæmi fiska, sem teknir eru til slátrunar, heyrir einnig undir Matvælastofnun í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi.

## 6. Flutningur.

20. gr.

### *Eldisfiskur.*

Óheimilt er að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en rekstrarleyfi er fengið og að lokinni úttekt Fiskistofu þar sem kannað er hvort rekstrarleyfishafi sé fær um að uppfylla skilmála rekstrarleyfis.

21. gr.

### *Takmörkun á flutningi á milli fiskeldisstöðva.*

Óheimilt er að flytja eldistegundir, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva, svo og flytja og sleppa lifandi fiski og ófrjóvuguðum hrognum milli ótengdra vatnasvæða. Að fenginni umsögn Matvælastofnunar getur Fiskistofa veitt rekstrarleyfishafa undanþágu til að flytja eldistegundir, sem ekki eru tilgreindar í rekstrarleyfi, milli fiskeldisstöðva ef ástæður mæla ekki gegn slíku. Fiskistofa skal í þeim tilvikum einnig leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar eða veiðimálastofnunar um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar í sjó eða fersku vatni gefi tilefni til neikvæðra vistfræðilegra áhrifa.

Fiskistofa getur, í samráði við Matvælastofnun, bannað flutning á fiski á milli tiltekinnna fiskeldisstöðva eða um tiltekin svæði nema að uppfylltum vissum skilyrðum sem lúta að því að draga úr hættu á að sjúkdómar dreifist.

22. gr.

### *Framkvæmd flutnings.*

Flutning á lifandi eldisfiski á sjó eða landi skal tilkynna Fiskistofu. Fiskistofa hefur heimild til að hafa eftirlit með flutningnum og gætir þess að hann sé í samræmi við lög og stjórnvaldsreglur, m.a. að fyrir liggja heilbrigðisvottorð frá dýralækni fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun. Fiskistofa setur nánari reglur um tilkynningaskyldu og flutning á lifandi eldisfiski.

Við flutning á laxfiskum skal flutningsaðili útbúa verklagsreglur, að höfðu samráði við dýralækni fisksjúkdóma, þar sem fram kemur lýsing á búnaði sem notaður er til flutnings og hver ber ábyrgð á einstökum verkþáttum og réttum viðbrögðum ef eitthvað fer úrskeiðis.

Óheimilt er að draga sjókvíar með eldisfiski út fyrir starfssvæði eldisstöðvar nema að fengnu leyfi frá Fiskistofu.

## 7. Gæðastjórnun og innra eftirlit fiskeldisstöðva.

23. gr.

### *Innra eftirlit með lagardýrum og búnaði.*

Forsvarsmáður fiskeldisstöðvar, sem sér um daglegan rekstur, skal hafa eftirlit með umhverfi, þar með talið mannvirkjum og búnaði, og heilbrigði lagardýra. Í fiskeldisstöðvum skal hafa eftirlit með eldisfiski daglega svo framarlega sem það er hægt vegna veðurs. Í eldisstöðvum með lindýr, skrápdyr og krabbadyr skal eftirlitið vera minnst einu sinni í viku.

24. gr.

### *Sérákvæði fyrir sjókvíar.*

Þessi grein gildir aðeins um sjókvíaeldisstöðvar sem þurfa að uppfylla ákvæði í 3.-8. viðauka reglugerðarinnar.

Leyfishafi skal vakta, meta og viðhalda eldiseiningum ásamt öðrum búnaði, sem tilheyrir eldinu, til að hindra slysasleppingar og til að uppgötva og koma tímanlega í veg fyrir að fiskur sleppi.

Skrá skal allt fyrirbyggjandi viðhald og fyrir hvern netpoka skal vera til staðar ferilskráning samkvæmt viðauka 4. Að lágmarki á 20 mánaða fresti skal hreinsa og yfirfara netpoka. Við hreinsun netpokanna skal einungis notast við bestu fánlega tækni og viðurkennd efni.

## 25. gr.

*Gæðastjórnun fyrir sjókvíaeldisstöðvar.*

Þessi grein gildir aðeins um sjókvíaeldisstöðvar sem þurfa að uppfylla ákvæði í viðaukum 3–8. Innra eftirliti skal komið á í eldisstöðvum í því skyni að koma í veg fyrir slysasleppingar með því að:

- a. Koma á fyrirbyggjandi aðgerðum í formi verklagsreglna, viðhaldsáætlana og þjálfunar starfsmanna.
- b. Koma á virku eftirliti þar sem fram kemur hvað á að vakta, hver á að annast vöktunina, hvenær og hvernig vöktunin fer fram.
- c. Skilgreina viðmiðanir fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð.
- d. Skilgreina hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til að leiðrétta frávik.
- e. Skrá allt eftirlit, úrbætur og viðhald sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar og geyma í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar af eftirlitsaðila.
- f. Sannprófa innra eftirlit eldisstöðvar til að tryggja að það komi að tilætluðum notum.

**8. Opinbert eftirlit með fiskeldisstöðvum.**

## 26. gr.

*Almennt eftirlit.*

Fiskistofa skal hafa eftirlit með fiskeldisstöðvum í samræmi við fyrirmæli reglugerðar þessarar. Eftirlitið skal ná til rekstrar- og fiskeldisþátta í starfsemi stöðvanna og þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Eftirlit með heilbrigði fiska og heilnæmi eldisafurða skal hins vegar Matvælastofnun sjá um í samræmi við lög þar að lútandi. Landhelgisgæsla Íslands hefur eftirlit með fljótandi mannvirkjum í sjó.

Fiskistofu er heimilt að fela aðilum, sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl., að annast eftirlitið samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við eftirlitið og leynt á að fara.

Einnig skal Fiskistofa skrá upplýsingar um heildarframleiðslu í fiskeldi á Íslandi á hverjum tíma.

## 27. gr.

*Skýrslugerð.*

Til að Fiskistofa geti annast eftirlit samkvæmt 25. og 26. gr. skal rekstrarleyfishafi gefa Fiskistofu árlega skýrslu um starfsemi sína. Þar skulu m.a. koma fram upplýsingar um framleiðslumagn stöðvar, eldisrými, fôðurnotkun, birgðir af fiski, uppruna hans, sjúkdóma og önnur óhöpp í rekstri svo og önnur atriði sem stofnuninni eru nauðsynleg til virks eftirlits samkvæmt reglugerð þessari.

**9. Rannsóknir.**

## 28. gr.

*Merkingar laxfiska.*

Fiskistofa skal gera kröfur um auðkenningu laxfiska þannig að 10% af útsettum seiðum í sjókvíar verði uggaklippt. Fiskistofa getur krafist þess að hærra hlutfall af útsettum seiðum sé uggaklippt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Veidimálastofnun skal veita Fiskistofu ráðgjöf um framkvæmd 1. málsl. þessarar greinar. Auk þess er framleiðendum laxahrogna skylt að varðveita í gagnagrunnum erfðaeftni eldislax þannig að hægt sé á hverjum tíma að rekja uppruna laxfiska sem sleppa úr kvíum og veiðast síðar, m.a. ef óvissa ríkir um áhrif eldis á umhverfið. Gögn eða lífsýni af merkum eldisfiskum skulu send til Veidimálastofnunar. Auk þess er framleiðendum hrogna skylt að varðveita í gagnagrunnum erfðaeftni foreldrafiska og halda bókhald yfir það frá hvaða foreldrum er selt til hvernar stöðvar þannig að hægt sé á hverjum tíma að rekja uppruna fiska sem sleppa úr kvíum eða stöðvum og veiðast síðar.

**10. Gjaldtaka.**

29. gr.

*Eftirlitsgjald.*

Fiskeldisstöðvar skulu greiða árlegt eftirlitsgjald fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila á hennar vegum sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðir dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi skv. 14. gr. laga nr. 71/2008.

**11. Innflutningur á notuðum eldisbúnaði.**

30. gr.

*Um innflutning á notuðum eldisbúnaði.*

Innflutningur á notuðum eldisbúnaði er óheimill. Til slíks búnaðar teljast eldiskvíar, eldisker, nætur, fôðrarar og fiskidælur. Matvælastofnun getur þó heimilað að flutt séu inn notuð vísindatæki og tæknibúnaður, m.a. tæki til flutnings sem sannanlega er hægt að sóthreinsa að mati Matvælastofnunar. Einnig getur Matvælastofnun með sömu skilyrðum heimilað innflutning á öðrum eldisbúnaði, enda þyki sannað að ekki berist smitefni með honum sem valda dýrasjúkdómum. Sækja skal um leyfi fyrir innflutningi á notuðum vísindatækjum, tæknibúnaði og eldisbúnaði til Matvælastofnunar sem getur heimilað hann að fenginni jákvæðri umsögn fisksjúkdómanefndar.

**12. Viðurlög.**

31. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

**13. Gildistaka o.fl.**

32. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 1011/2003 um búnað og innra eftirlit í fiskeldisstöðvum og reglugerð nr. 238/2003 um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði í 13. gr. um búnað sjókvíaeldisstöðva tekur gildi á árinu 2015 fyrir allar sjókvíaeldisstöðvar með aleldi sjávarfiska. Fiskistofu er þó heimilt að gera þá kröfu til stærri sjókvíaeldisstöðva með aleldi sjávarfiska að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar fyrir árið 2015 og þá sérstaklega í nágrenni viðkvæmra svæða, s.s. hrygningarsvæða sjávarfiska.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 18. apríl 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Þorgeirsson.**

---

*Ingimar Jóhannsson.*

## VIÐAUKI 1 Slysasleppingar.

*Fyrstu viðbrögð:* Ef slysaslepping hefur orðið eða rökstuddur grunur bendir til að fiskur hafi sloppið úr eldiseiningu eða eldisstöð skulu starfsmenn eldisstöðvar án tafar byrja að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira af fiski sleppi. Eins fljótt og mögulegt er skal hefja veiðar á fiski og tilkynna Fiskistofu um sleppinguna, bæði munnlega og síðan skriflega á þar til gerðum eyðublöðum innan 12 klukkustunda í samræmi við leiðbeiningar á heimasíðu Fiskistofu ([www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)).

*Framkvæmd veiða:* Samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi er heimil veiði innan 200 metra frá fiskeldisstöð, sem hefur misst út eldisfisk, þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu, enda sé það utan netlaga og Fiskistofu hafi verið tilkynnt um það. Heimild þessi takmarkast við þrjá sólarhringa frá því að fiskur slapp út, ef þetta gerist á göngutíma laxfiska, og skal veiðin vera í samráði við Fiskistofu.

*Skrifleg skýrsla til Fiskistofu:* Leyfishafi skal innan viku frá slysasleppingu senda Fiskistofu skýrslu þar sem fram komi eftirtalin atriði:

- Áætluð tímasetning og staðsetning slysasleppingar.
- Fisktegund, meðalstærð og áætlaður fjöldi fiska sem slapp.
- Upplýsingar um lyfjanotkun og útskilnaðartíma á eldisfiski sem slapp.
- Uppruni fisksins, stofn og úr hvaða fiskeldisstöð fiskurinn kom.
- Hvenær fiskurinn var tekinn inn í eldisstöðina.
- Orsök eða líkleg orsök slysasleppingar.
- Greinargerð um árangur af veiðum á eldisfiski sem slapp.
- Greinargerð um til hvaða fyrirbyggjandi ráðstafana verði gripið svo koma megi í veg fyrir að meira af fiski sleppi.

Eyðublöð fyrir slysasleppingar skulu liggja frammi á skrifstofu Fiskistofu og einnig vera aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar ([www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is)).

## VIÐAUKI 2 Sjókviaeldisstöð.

### A – Skilgreiningar.

*Botntóg:* Tóg í neðsta hluta netpoka sem tengir hliðar og botn saman.

*Dauðfiskaháfur:* Háfur sem er hafður á botni netpoka og safnar dauðum fiski.

*Festingar:* Þær samanstanda af tógi, keðjum, lásum, kósum, lásaplötum og ankerum. Festingar ganga frá floteiningu og niður í botn og halda kvínni á ákveðnum stað.

*Floteining:* Sá hluti kvíar sem heldur einingunni á floti.

*Hálfmöskei:* Helmingur af heilmöskei.

*Heilmöskei:* Innanmál möskei að viðbættum einum hnút (eða tveimur hálfum).

*Hjálparbúnaður:* Fóðrarar, dauðfiskaháfur, ljós og búnaður sjókviaeldisstöðvar annar en eldis-eining og festingar.

*Hoppnet:* Net fest ofan á sjólinutóg netpoka.

*Leggur:* Hliðar möskei á milli hnúta eða samskeyta. Hver möskei hefur fjóra leggi.

*Leysigarn:* Garn sem notað er til að sauma saman net í netpoka og til að sauma tóg á netpoka.

*Lóðrétt tóg (lóðrétt styrktarlína):* Tóg, sem saumað er á pokann lóðrétt frá toppi og niður að botni, til styrkingar á pokanum.

*Kennialda:* Meðaltal af hæsta þriðjungi af öllum öldum.

*Krosstóg:* Tóg, sem er í framhaldi af lóðréttu tóginu, til að styrkja botn netpoka.

*Netpoki:* Poki úr næloni eða öðrum efnum sem hleypir vatni í gegnum sig.

*Netþak:* Þak sem er lagt ofan á hefðbundinn netpoka og lokar þannig pokanum, t.d. í sökkvanlegum kvíum.

*Sjólinutóg:* Tóg sem saumað er lárétt ofan á netpokann allan hringinn við sjólinu.

*Teygjanleiki:* Sá eiginleiki garns að stytast eftir að teygt hefur verið á því með átaki.

*Topptóg:* Tóg efst á hoppneti.

*B – Hönnun og uppsetning á sjókvíaeldisstöð.*

1. Áður en ákvörðun er tekin um val á sjókvíum skulu liggja fyrir upplýsingar um umhverfis- aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði:
  - a. Meta skal líkur á ísingu, lagnaðaris og rekis.
  - b. Reikna skal út mun á flóði og fjöru ásamt stormflóði.
  - c. Meta skal líkur á hvort afræningjar finnast á svæðinu sem hugsanlega geti valdið tjóni á búnaði.
2. Með búnaðinum skal fylgja handbók, sem inniheldur upplýsingar um notkun og viðhald, og ef búnaðurinn er ósamsettur við afhendingu skulu einnig fylgja upplýsingar um samsetningu.
3. Tryggja skal að botnfestingar skaðist ekki af grjóti og klettum á hafsbotni.
4. Leyfishafi skal tryggja að við uppsetningu og frágang starfi aðili með nægilega þekkingu á uppsetningu búnaðarins til að komið sé í veg fyrir slyasleppingu. Sjókví og annar búnaður sem tilheyrir eldinu skal settur saman með það að markmiði að koma í veg fyrir flækjur og núning við netpoka eða hlífðarnet.
5. Óheimilt er að festa fôðurpramma eða annan þungan búnað við sjókví sem getur skemmt hana eða sökkt henni.

*C – Hönnun, uppsetning og slitþol á netpoka.*

1. Efni í netpoka:
  - a. Nælon eða önnur sambærileg efni.
  - b. Við val á efni skal miðað við að það teygist að lágmarki um 8% af upphaflegri lengd áður en það slitnar og teygjanleiki sé að lágmarki 4%. Heimilt er þó að fara út fyrir þessi viðmið- unarmörk ef hægt er að sýna fram á með tilraunum að efnið henti betur í netpoka heldur en nælon.
2. Styrkur efnis í netpoka:
  - a. Styrkur netpoka skal valinn eftir aðstæðum á eldisstað. Kröfum um styrkleika netpoka er skipt í flokka eftir eldisaðstæðum:
    - I. Kennialda sem nemur allt að 1,0 m og/eða 0,3 m/s straumhraða.
    - II. Kennialda sem nemur allt að 2,0 m og/eða straumhraða upp í 0,5 m/s.
  - b. Í töflu 1 eru netpoka flokkaðir eftir ummáli, dýpi og eldisaðstæðum í styrkleikaflokkana A til E.
  - c. Í töflu 2 eru viðmið fyrir net og tóg í netpoka fyrir styrkleikaflokkana A til E.

**1. tafla – Stærðarflokkun á netpokum.**

Ummál netpoka	0–50 m		>50–60 m		>60–70 m		>70–80 m		>80–90 m		>90–110 m		>110 m	
	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II	I	II
0–5	A	B	A	B										
> 5–10	A	B	A	B	B	C	C	D						
> 10–15	A	B	B	C	B	C	C	D	D	E	D	E	E	
> 15–20			B	C	C	D	D	E	D	E	D	E	E	
> 20–30							D	E	D	E	E		E	
> 30									E		E		E	

A til E ákvarða styrkleikaflokk netpoka. Dýpi er mælt frá sjólinutógi niður á botntóg.

**2. tafla – Styrkleikaflokkar A til E.**

Þyngd lóða í andrúmslofti miðast við steyp tól. Ef notuð eru lóð úr öðrum eignum skal umreikna þyngd þeirra.

<b>Styrkleikaflokkur A</b>		<b>Styrkleikaflokkur B</b>		<b>Styrkleikaflokkur C</b>	
Möskvastærð hálfmöskvi (mm)	Lágmarksstyrkur í vatni (kg)	Möskvastærð hálfmöskvi (mm)	Lágmarksstyrkur í vatni (kg)	Möskvastærð hálfmöskvi (mm)	Lágmarksstyrkur í vatni (kg)
8–12	31	8–12	39		
13–16,5	39	13–16,5	47	13–16,5	55
17–22	47	17–22	63	17–22	71
22,5–31	63	22,5–31	71	22,5–31	79
Sjólínutóg	2.500	Sjólínutóg	3.400	Sjólínutóg	3.400
Lóðrétt tóg	1.100	Lóðrétt tóg	1.700	Lóðrétt tóg	2.500
Topptóg	1.100	Topptóg	2.500	Topptóg	2.500
Botntóg	1.700	Botntóg	2.500	Botntóg	2.500
Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 50 kg í lofti.		Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 60 kg í lofti.		Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 75 kg í lofti.	

<b>Styrkleikaflokkur D</b>		<b>Styrkleikaflokkur E</b>	
Möskvastærð hálfmöskvi (mm)	Lágmarksstyrkur í vatni (kg)	Möskvastærð hálfmöskvi (mm)	Lágmarksstyrkur í vatni (kg)
13–16,5	63	13–16,5	71
17–22	79	17–22	95
22,5–31	95	22,5–31	118
Sjólínutóg	4.100	Sjólínutóg	5.000
Lóðrétt tóg	3.400	Lóðrétt tóg	4.100
Botntóg	3.400	Botntóg	3.400
Topptóg	3.400	Topptóg	3.400
Krosstóg	3.400	Krosstóg	3.400
Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 100 kg í lofti.		Hámarksþyngd á lóði á hvert lóðrétt tóg 125 kg í lofti.	

**3. Skurður og samsetning á nethlutum:**

- a. Við skurð á neti með hnútum skal farið eftir alþjóðlega staðlinum ISO 1532. Við skurð á hnútalausu neti skal farið eftir staðlinum þegar því verður við komið.

- b. Nethlutana skal sauma saman og til að koma í veg fyrir að þeir rakni skal sauma í lágmark þriðja möskva þegar saumaður er saman upptöku- eða síðukantur. Þegar saumaður er saman leggekantur skulu teknir að lágmarki þrjú leggir.
  - c. Alltaf skal hnýtt að í hverjum möskva (hálfbragð). Þegar möskvastærðin er 22,5 mm hálfmörskvi eða stærri skulu í viðbót við hálfbragðið teknar tvær stungur í hvern möskva. Hálfbragð þýðir tvær stungur þar sem seinni stungan hnýtir að. Síðan skal hnýtt rækilega að með 10–12 sm millibili.
4. Samsetning á netpoka:
- a. Á svæðum þar sem vænta má núning og slits skal styrkja netpokann sérstaklega, t.d. þar sem dauðfiskaháfur liggur við botn.
  - b. Við fellingu á netpokanum skal þess gætt að netið hafi nægilegan slaka og sé jafnstrekkkt þannig að átak frá tógunum dreifist jafnt yfir á netið. Lokið skal við að sauma saman nethlutana áður en sjólinútóg er fest.
  - c. Tóg skal festa með minnst fimm innstungum og samskeyti lóðréttis tógs/sjólinútógs og lóðréttis tógs/botntógs skal festa tryggilega.
  - d. Uppsetning á netpoka miðast við að átak komi aðallega á sjólinútóg, botntóg og lóðrétt tóg.
  - e. Að hámarki skulu vera fimm metrar á milli lóðréttis tógs á netpoka.
  - f. Topptóg, lóðrétt tóg og krosstóg eru saumuð við netpoka með leysisgarni. Saumað skal í hvern möskva og hnýtt að með 10–12 sm millibili. Lágmark þrjár stungur í hvert skipti nema á sjólinútógi, þá lágmark fjórar stungur. Þegar saumað er við net sem er 22,5 mm hálfmörskvi eða stærri skal stungið tvisvar sinnum í hvern möskva. Einnig er hægt að sauma tóg við net með þar til gerðum saumavélum. Til að koma í veg fyrir að endar rakni skal saumað 20 sm yfir það svæði þar sem síðast var endað.
  - g. Fyrir styrkleikaflokka D og E (tafla 2) skal hafa tvöfalt net á þeim svæðum þar sem mest hætta er á núningi og sliti. Tvöfalt net skal haft á svæðum þar sem lóðrétt tóg og botntóg koma saman, að lágmarki 50 sm í allar áttir frá samskeytum.
5. Netpoki, sem ekki hefur netþak, skal hafa sjólinútóg í efri enda sem eingöngu er bundið við floteininguna. Ofan á sjólinútóg skal festa hoppnet sem nær minnst einn metra yfir sjávar-yfirborðið. Í þeim tilvikum þar sem þarf að setja niður hoppnet vegna ísingar yfir vetrar-mánuðina skal sjólinútóg vera vel yfir sjávarborði til að koma í veg fyrir slysasleppingar.
6. Á netpokanum skal vera nægilegur fjöldi lóða eða þyngingar jafndreifðar til að netpokinn haldi lögun sinni í sjónum. Þannig skal gengið frá festingu á lóði í netbotninn að átakið komi beint í lóðréttu tógið. Einnig er hægt að þyngja poka með því að hafa blý í botntóginu. Blýtogið saumast þá á sama hátt og venjulegt botntóg.
7. Möskvastærð skal vera nægilega lítil til að minnsti fiskurinn haldist inni í netpokanum.
8. Þræðir í netpoka skulu varðir fyrir útfólubláum geislum. Vörnin skal vera nægileg til að lágmarksstyrkur haldist í 3–4 ár í sólarljósi.

### VIÐAUKI 3

#### Eftirlit með netpoka.

##### *I. hluti – Móttökueftirlit.*

*Eftirlit:* Við móttöku á netpoka skal farið yfir hvort netpokinn sé í samræmi við pöntun og merkingar og vottorð skoðað.

Við sjósetningu á netpoka, sem kemur úr viðgerð, er gerð úttekt á þvotti, böðun með gróðurhamlandi efnum og athugað hvort göt eða slit finnist á pokanum.

##### *Viðmið:*

- a. Netpoki skal uppfylla kröfur í viðauka 2.
- b. Hver netpoki skal merktur með birgðanúmeri sem fest er með varanlegu merki innan eins metra fyrir neðan sjólinútóg á hringlaga netpoka eða á einu horni hans. Netpoki skal einnig merktur framleiðanda og framleiðsluári.

- c. Við flutning skal pakka netpoka í umbúðir til að tryggt sé að hann skemmist ekki við flutning.
- d. Með netpoka skal fylgja vottorð frá framleiðanda þar sem fram kemur:
  - nafn framleiðanda, birgðanúmer netpoka og framleiðsluár,
  - stærð netpoka og styrkleikaflokkur,
  - efnisgerð, styrkleiki nets, leysisgarns og tógs sem notað er til að styrkja netpokann,
  - staðfesting á að netpokinn sé unninn samkvæmt pöntun, að hann hafi verið framleiddur eftir viðurkenndum staðli og að haft hafi verið eftirlit með framleiðslunni,
  - tilvísun í notkunar- og viðhaldshandbók,
  - undirskrift forsvarsmanns eldisstöðvar.
- e. Í notkunar- og viðhaldshandbók skulu koma fram leiðbeiningar um eftirfarandi atriði: hvernig festa á netpoka við floteiningu og lóð við netpoka, eftirlit, hreinsun og böðun á netpoka með gróðurhamlandi efnum, meðhöndlun hans við flutning og við hvaða aðstæður skal geyma hann.
- f. Ef netpoki er að koma úr viðgerð frá netaverkstæði skulu fylgja með niðurstöður eftirlitsins samkvæmt kröfum í viðauka 3, II. hluta.

*Úrbætur:* Ef fram kemur í eftirliti að einhverju sé ábótavant skal netpoki endursendur eða gert við hann og það tilkynnt framleiðanda eða netaverkstæði.

*Skráning:* Við móttöku á nýjum netpoka skal komið á ferilskráningu þar sem niðurstöður móttökueftirlits og aðrar upplýsingar um netpokann eru vistaðar. Niðurstöður eftirlits með netpoka, sem er að koma úr viðgerð, eru vistaðar í ferilskrá viðkomandi netpoka.

## II. hluti – Ofansjávar eftirlit.

*Eftirlit:* Að lágmarki á 18 mánaða fresti skal gera úttekt á ástandi netpokans af starfsmönnum eldisstöðvar eða netaverkstæði. Fylgt skal eftirtöldum leiðbeiningum:

1. Fyrst skal meta sjónrænt slit og göt á netpoka.
2. Mæla skal slitþol möskva á öllum netpokum sem eru eldri en tveggja ára. Tækjabúnaður sem notaður er við slitþolsmælingu skal uppfylla alþjóðlega staðalinn ISO 1806:2002 og kvarðaður minnst einu sinni á ári samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Við framkvæmd á slitþoli möskva skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:
  - a. Mæla skal slitþol möskva jafndreift yfir nótina: þrjár mælingar á hoppneti, þrjár á efsta metranum undir sjólínutóg, þrjár á miðju dýpi og þrjár á botni pokans.
  - b. Mæla skal styrkleika möskva áður en netpoki er baðaður. Með böðunarefni skal fylgja vottorð sem lýsir þeim breytingum sem eiga sér stað á styrk og eiginleika netmöskva eftir böðun.
  - c. Þau svæði, sem valin eru til mælinga, skulu valin m.t.t. þess að þau séu dæmigerð fyrir ástand netpokans í heild sinni. Ef mælingar eru framkvæmdar á viðgerðum svæðum eða netpokinn er settur saman úr mismunandi gerðum af möskvum skal gera slitþolsmælingar á möskvum af mismunandi gerð og aldri.
  - d. Við slitþolsmælingu skal þess gætt að slaki sé á netinu á þeim stað, sem mælingin fer fram, og þannig komið í veg fyrir að átak sé á möskvana sem geti haft áhrif á niðurstöðurnar.
  - e. Hægt er að mæla slitþol bæði á þurrum og blautum möskvum. Mælingu skal ekki gera á frosnum möskvum.
  - f. Mæla skal einn möskva í einu og átakið skal koma á legginn í möskvanum en ekki á hnút eða samskeyti á hnútalausum möskvum.

*Viðmiðanir:* Möskvar í netpoka skulu uppfylla að lágmarki 70% af slitþoli sem gefið er upp sem viðmiðun í töflu 2 í viðauka 2. Fyrir hoppnet er þó nægilegt að slitþolið sé 65%.

*Úrbætur:* Ef styrkleiki í hoppneti er undir viðmiðunarmörkum skal skipta um hoppnet. Heimilt er að stytta netpoka ef styrkur möskva er undir viðmiðunarmörkum eingöngu í efstu metrunum. Ef styrkleika netpoka er ábótavant á takmörkuðu svæði vegna slits skal gert við en ef styrkleiki er undir viðmiðunarmörkum á stórum hluta netpokans skal honum skipt út.

*Skráningar:* Niðurstöður sjónmats á sliti og götum á netpoka skal merkja með staðsetningu inn á kort. Slitþolsmælingar skal skrá í viðeigandi reit á sama eyðublað, dagsett og undirskrifað af þeim sem annast eftirlitið. Allar skráningar skulu vistaðar í ferilskrá viðkomandi netpoka.

### III hluti – Neðansjávareftirlit.

*Eftirlit:* Netpoka skal skoða með minnst 90 daga millibili með köfun eða með neðansjávarmyndavél. Neðansjávareftirlit skal einnig framkvæma:

- áður en nýr hópur af fiski er settur í eldiseininguna sé um kynslóðaskipt eldi að ræða,
- eftir meðhöndlun eða uppákomu sem eykur líkur á óhappi, s.s. eftir slæmt veður, nótarskipti, flutning á fiski, eftir áhlaup afræningja, skemmdarverk á netpoka eða öðrum búnaði og eftir drátt á kví,
- eftir slátrun, flokkun og aðra vinnu þar sem talið er að líkur séu á að netpoki hafi orðið fyrir skemmdum.

Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða litla, stutta og léttu netpoka er hægt að draga hverja hlið upp á yfirborð í leit að götum.

*Viðmiðanir:* Engin göt eða slit á netpoka. Festingar úr netpoka í floteiningu í lagi. Engar flækjur eða núningur festinga eða búnaðar við netpoka.

*Úrbætur:* Gert skal við án tafar. Ef gat á netpoka er það stórt að talin sé hætta á að fiskur hafi komist út um það skal það tilkynnt Fiskistofu og síðan fylgt viðbragðsáætlun eldisstöðvar vegna slysasleppinga.

*Skráningar:* Niðurstöður eftirlits og úrbætur skulu skráðar í ferilskráningu fyrir viðkomandi netpoka með dagsetningu og undirskrift þess sem framkvæmdi eftirlitið. Fram skal koma staðsetning kvíar, kafari, aðstoðarkafari, sjólýsing/skyggni í sjó, köfunartími og fjöldi kafana. Í þeim tilvikum, sem gat á netpoka er það stórt að fiskur kemst út um það, skal senda skýrslu til Fiskistofu samkvæmt viðauka 1.

## VIÐAUKI 4

### Eftirlitsveiðar fyrir laxfiska.

*Eftirlit:* Eftirlitsveiðar skal stunda á tímabilinu 1. október til og með 1. maí inn á milli kvíaþyrpinga í eldisstöðinni með það að markmiði að uppgötva hvort slysasleppingar hafi orðið. Fyrir hverja kvíaþyrpingu skal nota tvö net sem eru 25 metra löng og 4–6 metra djúp. Val á möskvastærð miðast við þann fisk sem er í kvíaþyrpingum í eldisstöðinni á hverjum tíma. Netin skulu merkt með leyfisnúmeri eldisstöðvarinnar og þau höfð á yfirborði sjávar. Miðað skal við að eftirlitið sé framkvæmt alla virka daga ef veður hamlar því ekki.

*Viðmiðanir:* Engir laxfiskar í netum.

*Úrbætur:* Ef laxfiskar veiðast skal það tilkynnt Fiskistofu. Með köfun eða neðansjávarmyndatöku er skoðað hvort gat sé á netpokum. Fiskur skal sendur til Fiskistofu til að meta hvort um sé að ræða eldisfisk. Ef gat finnst á netpoka skal fylgja viðbragðsáætlun eldisstöðvar vegna slysasleppinga.

*Skráningar:* Niðurstöður eftirlits skal skrá á sérstakt eyðublað og ef slysaslepping hefur orðið skal skrifa skýrslu til Fiskistofu samkvæmt viðauka 1.

## VIÐAUKI 5

### Verklagsreglur.

- Í sjókvíaeldisstöðvum með leyfi til ársframleiðslu umfram 200 tonn skal gefa út verklagsreglur um viðbrögð við slysasleppingum þar sem fram komi markmið, skilgreining helstu áhættuþátta er orsaka slysasleppingu, hver sé ábyrgur og lýsing á framkvæmd í einstökum þáttum. Þegar það á við skal einnig nota teikningar eða myndir. Í verklagsreglum skal fjalla um eftirfarandi verkþætti:

- a. Skipti á netpoka:
- Skilgreining á veðurfarslegum aðstæðum þegar heimilt er að skipta um netpoka.
  - Skoðun á hvort netpoki sé of þungur vegna gróðurs og annarra ásæta og hvort líkur séu á að hann rifni við meðhöndlun.
  - Skoðun á nýrri nót áður en fiskur er settur í hana til að ganga úr skugga um að engin göt séu á henni og að frágangur sé í lagi (sjá viðauka 3, I. hluta – Móttökueftirlit).
  - Skilgreining á lágmarksfjölda starfsmanna við verkið og verksviði hvers og eins. Nýir starfsmenn skulu teknir með sem aukamenn til að læra rétt handbrögð.
  - Leiðbeiningar um lágmarksmöskvastærð miðað við tiltekna fiskstærð.
  - Samanburður á möskvastærð á nýjum netpoka og mældri stærð á fiski í gömlu nótinni áður en skipt er um netpoka til að staðreyna að möskvar séu nægilega smáir til að halda fiski inni í pokanum.
  - Leiðbeiningar um hvernig á að festa netpoka í flotgrind og lóð í botntóg. Tryggja skal að netpoki liggja eðlilega í sjó til að fyrirbyggja að hann lendi í skrúfu þjónustubáta.
  - Neðansjávareftirlit með köfun eða myndatöku þegar lokið hefur verið við að skipta um netpoka.
- b. Aðrir verkþættir:
- Hreinsun á netpokum í sjó til að draga úr sliti og álagi netmöska.
  - Losun á dauðum fiski úr netpoka.
  - Meðhöndlun á fiski við móttöku, afhendingu, slátrun og flokkun.
  - Móttaka á stærri þjónustubátum sem ekki tilheyra daglegum rekstri eldisstöðvarinnar.
  - Aðgerðir til að koma í veg fyrir að rekis valdi tjóni á sjókví.
  - Aðferðir við að framkvæma drátt á sjókví með lifandi fiski.

#### VIÐAUKI 6

##### **Þjálfun starfsmanna í sjókvíaeldisstöðvum.**

1. Tryggja skal að starfsmenn fái þjálfun sem hefur það að markmiði að hindra slysasleppingar og hafi þekkingu og færni til að grípa strax til viðeigandi ráðstafana ef slysasleppingar eiga sér stað.
2. Innan árs eftir að starfsmaður hefur starf í laxeldisstöð skal hann hafa kynnt sér:
  - a. tjón sem getur átt sér stað á náttúrulegum laxastofnum við slysasleppingu,
  - b. helstu ástæður fyrir slysasleppingum og hvernig best er að koma í veg fyrir þær,
  - c. hvaða reglur gilda um veiðar á eldisfiski, sem sleppur úr kví, og hvernig framkvæma skal veiðar á þeim.
3. Öllum starfsmönnum skal kynnt gæðakerfi eldisstöðvar og þær verklagsreglur sem farið er eftir við stjórnun í eldisstöðinni.

#### VIÐAUKI 7

##### **Sannprófun.**

1. Sannprófa skal innra eftirlit eldisstöðvar að lágmarki einu sinni á ári, alltaf eftir slysasleppingu og þegar breytingar eiga sér stað á rekstri eldisstöðvarinnar. Við sannprófun eftir slysasleppingu skal vera unnt að sýna fram á að gerðar hafi verið fyrirbyggjandi ráðstafanir til að tryggja að slysaslepping endurtaki sig ekki. Þegar búnaði, skipulagi eða stjórnun á eldisstöð er breytt skal fara yfir breytingarnar og meta hvort líkur á slysasleppingu hafi aukist.
2. Í árlegri sannprófun skal fara yfir allar skráningar á innra eftirliti eldisstöðvarinnar í heild sinni og hafa til viðmiðunar eftirtalin atriði:
  - a. Hvort fyrirbyggjandi ráðstöfunum hafi verið framfylgt varðandi:
    - I. viðhald á eldisstöðinni,
    - II. þjálfun starfsmanna,

- III. verklagsreglur.
- b. Hvort eftirlit og úrbætur hafi verið í samræmi við innra eftirliti eldisstöðvar.
  - c. Hvort ástæða sé til að breyta þeim viðmiðunum sem notaðar eru.
  - d. Hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar þegar farið var yfir athugasemdir eftirlitsmanns Fiskistofu.
3. Í árlegri sannprófun skal framkvæmd ítarleg úttekt á öllum búnaði eldisstöðvarinnar. Við eftirlit með köfun eða neðansjávarmyndatöku skal m.a. athuga:
- a. hvort festingar séu í lagi,
  - b. hvort floteining sé heil,
  - c. sannprófun viðhaldsáætlunar eldisstöðvar.
4. Niðurstöður sannprófunarinnar skulu skráðar og undirritaðar af forsvarsmanni eldisstöðvarinnar og tímasett úrbótaáætlun gerð fyrir þau atriði sem var ábótavant.

#### VIÐAUKI 8

##### **Leiðbeiningar um merkingar.**

Markmið með merkingum fljótandi mannvirkja í sjó er að vara sjófarendur við legu þeirra þannig að ekki skapist hættu á árekstrum vegna umferðar á sjó. Merkingar skulu vera í samræmi við reglur IALA, alþjóðasamtaka vitastofnana.

Flot, sem bera merkingar og/eða eru tengipunktur fyrir botnfestur, skulu vera gul (e. *offshore yellow*), þ.e. samsetning af litunum RAL 1016 og RAL 1021 samkvæmt RAL-litakerfinu.

Í stöku tilfellum má nota höfuðáttamerki (e. *cardinal marks*) eða hliðarmerki þar sem það á við.

Merkingum fiskeldisstöðva skal komið fyrir í 1,5–2,0 m hæð yfir sjó ef mögulegt er.

Efst skal komið fyrir blikkljósi ef við á. Undir ljósinu komi radarspegill og þar undir gult endurskinsmerki (flúorendurskin).

Ljós skal hafa gulan lit og blikka með 2–3 sek. millibili og skal ljóstími vera a.m.k. 10% af tímanum. Blikkljós skulu sjást í a.m.k. 2–3 sjómílna fjarlægð.

Radarspegill skal hafa endurkastsflatarmál (sýndarflatarmál) upp á minnst 6,0 m<sup>2</sup>. Gæta þarf þess við uppsetningu radarspegla að hyrna snúi með op þannig að hámarksendurkast náist.

Gult endurskinsmerki skal vera flúorendurskin, sem er virkt við dagsljós, og endurskin skal vera óháð því undir hvaða horni ljósið fellur á það.

Ef notuð er óbein lýsing til merkingar á sjókvíaeldisstöðvum skal gengið þannig frá ljósabúnaði að ljós blindi ekki sjófarendur.

Fjöldi merkinga og gerð ræðst af stærð sjóeldissvæðis og aðstæðum.

Siglingastofnun mun aðstoða við tillögur að merkingum ef óskað er.